FRÉTTABRÉF

Ferðamálafélags Hríseyjar

Nóvember 2017

11. árgangur 11.tölublað

KARRINN



Kristín Björk Ingólfsdóttir

Hríseyjarfréttir

Ágætu lesendur! Hægt verður að nálgast Karrann á heimasíðunni www.hrisey.is

Hugleiðingar stjórnar

Þá eru blessuð jólin að nálgast og Karrinn kominn í hús. Nú sem aldrei fyrr þurfum við að gefa okkur tíma til að vera saman og rækta sambandið hvert við annað. Það er gott að finna samhuginn og hlýjuna sem við sýnum við áföll, hvernig væri ef við myndum tileinka okkur þessa hegðun og sýna hvort öðru vinsemd og virðingu alla daga. Erum oft of upptekin að því hvað aðrir eru að gera og gleymum að hugsa fyrst um okkur og þá sem okkur standa næst. Getum alveg vandað okkur meira í að tala fallega við og um hvert annað.
Nú hafa safnast um 3,5 milljónir á reikninginn sem við stofnuðum til styrktar Lauru Marcelinu Makowska og fjölskyldu hennar. Þegar það liggur fyrir hvað mikill kostnaður fellur á fjölskylduna verður þessi peningur notaður til að létta þeim róðurinn og mun afgangurinn ef einhver er fara á framtíðarreikning Lauru.

Óskum Hríseyingum nær og fjær gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum árið sem er að líða.

Góðar stundir

Hanna Hauksdóttir
Ingimar Ragnarsson
Linda María Ásgeirsdóttir
Þórunn Björg Arnórsdóttir
Þorgeir Jónsson
Þröstur Jóhannsson



Ungmennafélagið Narfi

Á vorönn 2017 stóð ungmennafélagið fyrir íþróttaskóla fyrir leikskólabörn, leikjatíma fyrir grunnskólabörn og fótboltaæfingum fyrir grunnskólabörn. Sáu Böðvar Már Styrmisson og Klara Teitsdóttir um leikjatíma og fótboltaæfingar. Fyrir fullorðna voru vikulegar æfingar þar sem var badminton og ringó til skiptis. Í apríl var tekin upp auglýsing fyrir Hreyfiviku UMFÍ í Hrísey sem var notuð við markaðssetningu á Hreyfivikunni. Í sjálfri Hreyfivikunni voru nokkrir viðburðir skipulagðir ásamt því að Hríseyingar tóku þátt í sundkeppni sveitarfélaganna.
Þar sem óvenju stutt var milli sjómannadags og þjóðhátíðardags þetta árið var ákveðið að halda ekki sérstök hátíðarhöld á 17. júní. Þess í stað var víðavangshlaup sem félagið hefur haldið 17. júní haldið á sjómannadaginn.
Aðalfundur félagsins var haldinn í júní og var óskað eftir nýju fólki í stjórn í ljósi þeirra tíðinda að allir þrír stjórnarmenn væru á förum frá eyjunni. Ekki hefur enn tekist að mynda nýja stjórn og er enn óskað eftir nýju fólki í stjórn félagsins.
Þrátt fyrir það verður árlegt jólaball félagsins haldið annan dag jóla og verður dagatal félagsins fyrir árið 2018 gefið út.
Fráfarandi stjórn skipa Hrund Teitsdóttir, Ingólfur Sigfússon og Steinunn Bjarnadóttir. Aðilar sem hafa áhuga á að starfa fyrir félagið mega gjarnan hafa samband.

Að leiðarlokum

Ágætu Hríseyingar og aðrir viðskiptavinir. Þá er komið að lokum rekstrar hjá Eyfar ehf eftir samfellda 15 ára sögu í samgöngum milli lands og eyjar. Ef við skautum hratt yfir söguna frá okkar hlið þá teljum við að við getum staðið nokkuð keikir hvað þjónustu varðar þar sem að ljóst er að farþegar hafa getað stólað á að komast hér á milli hvernig svo sem aðstæður hafi verið og ferðir ekki fallið niður nema ófært sé í landi og má segja að það sé algjört einsdæmi hvað almenningssamgöngur varðar. Fimm niðurfelldar ferðir á þessum árum hlýtur að teljast vel sloppið. Það er ágætt að fólk viti af því að í samningi við Vegagerðina má fella niður tvær ferðir í mánuði án þess að til athugasemda komi. Oft á tíðum teljum við að mjög óvægin og ósanngjörn gagnrýni hafi verið höfð í frammi, en ferjumenn eru að sjálfsögðu ekki fullkomnir frekar en nokkur annar. Nefna má að þegar afleysingabátur hefur verið í ferðum er með algjörum ólíkindum hvað við höfum fengið að heyra en sem betur fer fáum við stundum aðra og betri hlið á málunum. Ekki var planið að kvarta bara og kveina því sem betur fer höfum við átt margar góðar stundir á þessum árum og er þrátt fyrir allt ákveðin eftirsjá í að yfirgefa starfið eftir 30 ára viðveru hjá öðrum okkar. Nú er“nýja“ ferjan orðin 17 ára og nálgast óðum það sem telst vera meðalaldur farþegaskipa þannig að ekki er langt í að þurfi að fara líta í kringum sig hvað endurnýjun varðar því viðhald fer að sjálfsögðu mjög vaxandi eftir því sem tíminn líður. Nú þegar Andey ehf. tekur við rekstrinum um áramót óskum við þeim að sjálfsögðu alls hins besta og frábært að heimamenn skuli halda áfram rekstrinum. Um leið og við þökkum fyrir samskiptin í gegnum árin bjóðum við ykkur á litlu jólin okkar 15. desember nk. og óskum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

F.h. Eyfar ehf.

Smári Thorarensen og Pétur Steinþórsson

Dagatal ungmennafélagsins

Líkt og undanfarin fjögur ár mun ungmennafélagið Narfi gefa út dagatal fyrir árið 2018. Dagatalið verður að vanda myndskreytt með fallegum myndum úr Hrísey.
Verð 2.500 kr.
Nánar auglýst á hrisey.is og á facebook síðu ferðamálafélagsins þar sem hægt verður að panta dagatal.

Handgerð kerti

Til sölu handgerð kerti tilvalin í jólapakkann.

Rósa Káradóttir símar 466-1769/694-8652.

Fréttir úr Hríseyjarskóla

Hríseyjarskóli var settur 25. ágúst sl. og allir mættu glaðir og hressir eftir gott sumar. Skólastarfið byrjaði á hefðbundinn hátt með skólaleikum þar sem allir tóku þátt og skemmtu sér afar vel.
Í grunnskóladeildinni eru 11 börn og á leikskóladeildinni eru 5 börn, starfið á báðum deildum hefur gengið vel og við erum bjartsýn og horfum jákvæð til framtíðar. Við héldum áfram með það starf og skipulagningu sem við byrjuðum á sl. vetur „leiðtogar í eigin námi“.
Nú á haustdögum keypti skólinn Apple spjaldtölvur til afnota fyrir alla nemendur skólans og er það mikilvægt skref í að auka fjölbreytni og efla framþróun í skólanum. Við stöndum frammi fyrir því núna að mennta nemendur til að taka þátt í samfélagi sem við vitum ekki hvernig verður í framtíðinni. Hraðar tæknibreytingar bjóða upp á óendanlega möguleika í kennsluháttum og námi, og við þurfum að vera óhrædd að tileinka og kynna okkur þessa þróun. Einnig fékk skólinn að gjöf Osmo forrit en það er viðbót sem notuð er með spjaldtölvunum. Osmo gerir allskyns spjöld, kubba og mynstur rafræn. Haldið er á formum og myndavélin á spjaldtölvunni nemur formið. Osmo býður uppá marga möguleika til að læra með leik.
Verkefni skólaársins hafa verið margvísleg. Sigling með Húna í lok ágúst þar sem við veiddum fisk og fengum fræðslu um lífríkið í sjó. Við tókum þátt í „göngum í skólann“ verkefninu og voru all flestir mjög virkir. Eldri nemendur skólans saumuðu fjölnota innkaupapoka fyrir Hríseyjarbúðina og var þeim vel tekið. Strákarnir í 7. bekk fóru í skólabúðirnar á Reykjum. Nemendum í 5. 6. og 7. bekk var boðið í leikhús í Hofi á leiksýninguna Oddur og Siggi þar sem fjallað var á einlægan hátt um samskipti, einelti og vináttu. Þriðja og fjórða bekk er boðið í leikhús í Hofi 4. desember. nk. Sudbury vika var hjá okkur í lok október það er vika þar sem nemendur velja sjálfir hvað þau vilja læra og tengja það við lykilhæfni í Aðalnámsskrá, þeir mæta með útfyllta stundatöflu fyrir vikuna og vinna eftir henni. Þarna reynir á að skipuleggja sig vel og áætla góðan tíma í það sem á að gera. Nemendur völdu t.d. að smíða, sauma, baka, tempra súkkulaði, gera bækur, forrita, æfa á gítar og bassa svo eitthvað sé nefnt. Í útikennslulotu í haust byrjuðu nemendur á myndbandavinnu um heimabyggðina og luku við þá vinnu í upplýsinga og tæknimennt og sýndu afraksturinn á Foreldrakaffi skólans á Degi íslenskrar tungu og er aðgengilegt á heimasíðu Hríseyjarskóla, hriseyjarskoli.is
Nú er desember framundan og nóg um að vera hjá okkur, við höldum í hefðir, málum gluggana, skerum út laufabrauð, bökum piparkökur, skrifum á jólakort, útbúum jólagjafir og föndrum.

Við í Hríseyjarskóla óskum öllum Hríseyingum gleðilegra jóla og gæfuríks komandi árs. Við þökkum samstarfið á árinu sem er að líða og vonum að nýja árið muni færa okkur gleði og kærleika.

Njótið aðventunnar með fjölskyldu og vinum.

Hríseyjarbúðin

Nú er enn eitt árið að renna sitt skeið, svo undarlega hratt. Þetta ár er annað heila rekstrarár Hríseyjarbúðarinnar, verslunarinnar sem stofnuð var á vormánuðum 2015 af stórum hópi fólks sem sá að hér yrði að vera þjónusta af þessu tagi.
Árið sem nú er að líða er hefðbundið,veturinn erfiður en svo kemur sumarið og þá margfaldast veltan.Við höfum sem fyrr sinnt þjónustu fyrir Íslandspóst og Landsbankann.
Meðal nýjunga er að í sumar fórum við að taka vörur frá Costco og hefur það mælst vel fyrir. Fleira mætti nefna, svo sem sala á gaskútum. Þá hófum við að taka á móti tómum flöskum sem við komum í endurvinnslu og fáum greitt fyrir.
Við fórum í nokkur verkefni á árinu svo sem markaðsherferð,skoðanakönnun á hvernig fólk upplifði búðina okkar. Einnig var farið í verðkönnun í öðrum sambærilegum búðum. Þar kom í ljós að Hríseyjarbúðin er á svipuðum slóðum í verðlagi og aðrar búðir á smærri stöðum.Almennt er fólk ánægt með búðina, bæði heimafólk og gestir.
Í öllum þessum snúningum á búðin sér marga velunnara. Fyrirtæki hér í eynni sem hjálpað hafa okkur með flutning. Fólk sem hefur tekið að sér að versla fyrir búðina í Costco, fara með flöskur til Akureyrar, koma póstinum og vörum úr ferjunni og margt fleira, án þess að taka greiðslu fyrir. Allt er þetta ómetanlegt og kunnum við öllum þeim sem lagt hafa okkur lið í þessu bestu þakkir.

Þá hefur Hríseyjarbúðin fengið á þessu ári myndarlegan styrk frá verkefninu Brothættar Byggðir vegna nokkurra verkefna. Það hefur hjálpað mjög mikið til og erum við gríðarlega þakklát fyrir þann stuðning.
Að því sögðu óskar stjórn Hríseyjarbúðarinnar viðskiptavinum öllllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári, með þökk fyrir árið sem er að líða.

Með kveðju.

Stjórn Hríseyjarbúðarinnar.
Þröstur, Þórunn, Claudia.



Heimir Sigurgeirsson

Fótsnyrting

Fótaaðgerðarfræðingur kemur til Hríseyjar eftir þörfum. Panta þarf tíma hjá Rósu Káradóttur í síma 466 1769/694 8652.

Bókasafn Hríseyjar

Opið á þriðjudögum frá kl.14:00 - 16:00.
Nýr starfsmaður á bókasafninu er Díana Björg Sveinbjörnsdóttir.

Verið velkomin á bókasafnið.

Hríseyjarbúðin

Eflum atvinnu, verslum í heimabyggð.

Stjórn og starfsfólk Hríseyjarbúðarinnar óskar Hríseyingum, sumarhúsaeigendum og öðrum gestum eyjarinnar gleðilegra jóla, þökkum fyrir viðskiptin á árinu.



Íþróttamiðstöðin jól og áramót

Þorláksmessa - 23. desember: Lokað
Aðfangadagur - 24. desember: Lokað
Jóladagur - 25. desember: Lokað
Annar í jólum - 26. desember: Lokað
27. desember - opið: 15:00 - 19:00
28. desember - opið: 15:00 - 19:00
29. desember - opið: 15:00 - 18:00
30. desember - opið: 13:00 - 16:00
Gamlársdagur - 31. desember: Lokað
Nýársdagur - 1. janúar: Lokað

Hríseyjarbúðin

Þorláksmessa - 23. desember: 13:00 – 18:00
Aðfangadagur - 24. desember: 10:00 – 12:00
Jóladagur - 25. desember: Lokað
Annar í jólum - 26. desember: Lokað
27. desember: Venjuleg opnun
28. desember: Venjuleg opnun
29. desember: Venjuleg opnun
30. desember: Venjuleg opnun
Gamlársdagur - 31. desember: Lokað
Nýársdagur - 1. janúar: Lokað
2. janúar: Venjuleg opnun

Viðburðir í desember.

Hríseyjarkirkja

Aðventustund í Hríseyjarkirkju laugardaginn **2. desember kl. 17:00.** Sr. Magnús hefur umsjón.

Að lokinni stund verður farið í kirkjugarðinn og kveikt á leiðalýsingu.

Aðfangadagur jóla.
Aftansöngur verður í Hríseyjarkirkju **24. desember kl. 17:00**. Sr. Guðmundur héraðsprestur þjónar fyrir altari.

Sóknarprestar

Möndlugrautur í Hlein

Laugardaginn 2.desember verður boðið upp á graut með möndlu og að sjálfsögðu slátur nýtt og ónýtt. Verðlaun fyrir möndluna.

Stjórn Ferðamálafélagsins.

Hríseyjarskóli

Jólaföndur **laugardaginn 2. desember kl. 13:00.**
Litlu jólin 20**. desember kl. 10:00.**

Jólamarkaður

Sunnudaginn 10. desember verður jólamarkaður í Verbúðinni 66 kl. 14:00 - 17:00. Þeir sem hafa áhuga á að selja vörur endilega hafið samband við Lindu Maríu í síma. 891-7293/4671166.

Jólapósturinn 23. desember

Móttaka jólapósts í **Hríseyjarbúðinni** milli kl. 13:00 og 15:00.

Ungmennafélagið Narfi.

Jólatrésskemmtun

Jólatrésskemmtun verður haldin 26. desember í Íþróttamiðstöðinni og hefst **kl. 14:00**. Dansað verður í kringum jólatréð og allir krakkar fá eitthvað góðgæti frá jólasveinunum sem mæta á svæðið.
Léttar veitingar í boði. Enginn aðgangseyrir verður innheimtur. Tekið verður á móti frjálsum framlögum til styrktar félaginu.
Allir velkomnir.

Ungmennafélagið Narfi.

Kveikt á jólatrénu

Miðvikudaginn 29. nóvember kl.16:00.
Heitt súkkulaði og smákökur í boði á eftir í Hríseyjarbúðinni.

Gallerí Perla

Endilega hafið samband ef þið viljið kíkja í Perluna fyrir jólin. Mikið úrval af vörum í jólapakkann.

Vinsamlega hringið í síma: 892-3014.

Litlu jólin hjá Eyfar

Föstudaginn 15. desember kl. 18:00 verða litlu jól Eyfars. Þau eru haldin í Íþróttamiðstöðinni.

Flugeldasala Björgunarsveitarinnar

Flugeldasalan verður **28. – 31. desember** í húsnæði sveitarinnar að ***Ægisgötu 13.***

Opið frá **kl. 16:00 – 20:00** fimmtudag – laugardags og **kl. 11:00 – 14:00** á gamlársdag.

Björgunarsveitin

Verbúðin 66

Jólahlaðborð
Laugardaginn 2. desember húsið opnar kl. 19.00.

Jólaglögg og kósýkvöld
Laugardaginn 9. desember kl. 20:30.

Skötuveisla
Þorláksmessa kl. 18:00
Vinsamlegast pantið fyrir 20. desember

Nánari opnun og viðburðir í desember auglýst síðar.

Verbúðin 66.

Jólabingó Slysavarnarfélagsins

Jólabingó Slysavarnarfélagsins verður haldið í Verbúðinni 66 **miðvikudaginn 6. desember**.
Barnabingó hefst **kl. 16:30.**
Fullorðinsbingó hefst **kl. 20:30.**

Áramótabrenna

Kveikt verður í áramótabrennunni á gamlársdag kl. 17:00**.**

Áætlun Sævars jól og áramót

Aðfangadagur og gamlársdagur:

Frá Hrísey: 09:00.....Frá Árskógssandi: 09:30
11:00.....11:30
13:00.....13:30
15:00.....15:30

Jóladagur og nýársdagur:

Frá Hrísey: 11:00.....Frá Árskógssandi: 11:30
13:00.....13:30
17:00.....17:30
21:00.....21:30

Á aðfangadag og gamlársdag er ferð kl. 07:00 upphringiferð.
Aðrir dagar samkvæmt núgildandi áætlun.

Síminn í Sævari er 695 5544.